

**Sp.**

**106. Fyrirspurn**

**[96. mál]**

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd tóbaksvarnalaga.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksneyslu í samræmi við lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984?
2. Er bann það við auglýsingum, sem löggin kveða á um, í heiðri haft?
3. Hafa komið fram kærur vegna meintra brota á 8. gr. laganna? Eru t.d. brögð að því að börnum yngri en 16 ára sé selt tóbak?
4. Hafa verið sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð, sbr. heimild í 16. gr.?
5. Hvaða sektum sætir sá sem brýtur gegn ákvæðum 6.—11. gr. og 13. gr. laganna?